

Fundur íbúaráðs Kjalarness 14. október 2021: Tillaga fulltrúa íbúasamtaka um útfærslu á hugmyndum um hundagerði og Minnisvarða um brostinn loforð. - R21100243

Lagt er til að óska eftir við umhverfis- og skipulagssvið að útfærsla á framkvæmd verkefnanna um hundagerði og Minnisvarða um brostin loforð verði í samræmi við það sem fram kemur í greinargerð þessarar tillögu. Um er að ræða verkefni sem samþykkt voru í íbúalýðræðisverkefninu Hverfið mitt á Kjalarnesi en hafa ekki verið framkvæmd.

Greinargerð




Erfiðlega hefur gengið að framkvæmda hugmyndir um Minnisvarða um brostinn loforð og hundagerði m.a. vegna þessa að erfiðlega hefur gengið að ná samtali við hugmyndahöfunda og vandkvæða tengdum staðsetningum verkefnanna.

Á fundi íbúaráðs Kjalarness þann 10. júní 2021 var samþykkt að fela fulltrúa íbúasamtaka og fulltrúa foreldafélaga að hafa samband við hugmyndahöfund tillögu um minnisvarða um brostin loforð, afla upplýsinga og koma á framfæri við umhverfis- og skipulagssvið. Einnig var á sama fundi samþykkt að fela áðurnefndum íbúaráðsfulltrúum að koma á framfæri hugmyndum að útfærslu á hugmynd um hundagerði.

Lagt er til að umhverfis- og skipulagssvið leiti samþykkis húsfélags Fólkvangs vegna staðsetningar verkefnanna. Húsfélagið hefur þó tekið vel í hugmyndirnar hingað til.

Hugmyndunum að útfærslu verkefnanna tveggja er hér með komið á framfæri hér að neðan:

Útfærsla á Minnisvarða um brostinn loforð:



MINNISVARÐI UM BLAUBÖKINA

Staðsetning Minnisvarða um brostinn loforð:



Staðsetning og útfærsla á hundagerði:

